

# Innra mat

Helstu niðurstöður vorið 2018



ÁLFHÓLSSKÓLI

## Mat á skólastarfið

Matsþættir	Umbótaaðgerðir vetrarins og matsleiðir	Helstu niðurstöður vorið 2018	Áætlaðar umbætur skólaárið 2018-2019
Fagleg forysta	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsmanna-könnun Skólapúlsins</li> <li>Stjórnendur meta kennslu og veita endurgjöf</li> <li>Starfsþróunarviðtöl</li> <li>Foreldrakönnun Skólapúlsins</li> </ul>	<p>Niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúls sýna að starfsmenn hafa ekki verið ánægðari með stjórnun frá því að mælingar hófust og mælist ánægjan nú um landsmeðaltal. Kennarar hafa flestir (82% á móti 67% á landsvísu) fengið mat og endurgjöf á skólaárinu. Rúmum helming finnst matið hæfilega mikið og hátt í 90% finnst það sanngjarnt (svipað og á landsvísu) en aðeins um 73% finnst það gagnlegt (marktækt færri en á landsvísu 88%). Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara hefur aukist mikið og mælist nú svipaður og á landsvísu.</p> <p>Stjórnendur fóru í kennslustundir í vetur og gáfu mat og endurgjöf til kennara. Verkefnið reyndist umfangsmeira en búist var við svo ekki náðist að veita öllum kennurum fullnægjandi endurgjöf.</p> <p>Starfsþróunarviðtölin voru valkvæð og fáir sem nýttu sér þau. Foreldrakönnun er áætluð í mars 2019.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mat stjórnenda á kennslu byrjar fyrr en árið áður svo tími gefist til að gefa öllum endurgjöf. Með því móti má áætlaða að matið verði gagnlegra.</li> <li>Starfsþróunarviðtöl fyrir alla.</li> <li>Foreldrakönnun áætluð í mars 2019</li> <li>Starfsmannahandbók uppfærð</li> <li>Fylgja eftir umbótum vegna Bókunar 1.</li> </ul>
Stefnumótun og skipulag	<ul style="list-style-type: none"> <li>Yfirferð áætlana og verkferla</li> <li>Þróun skólanámskrár</li> <li>Gerð starfsáætlunar</li> </ul>	<p>Gerð hafa verið drög að nýrri Skólamenningaráætlun, Öll sem eitt, sem hluti af forvarnar- og viðbragðsáætlun skólans. Drögin voru samþykkt af Skólaráði í apríl 2018 og kynnt starfsfólki að vori.</p> <p>Skólanámskrá, námsgreinasvið og almennur hluti, hefur verið sett inn á Mentor þar sem kennarar, foreldrar og nemendur geta nálgast hana. Nálgast má skólanámskrá í heild sinni á heimasíðu skólans. Námskráin er í áframhaldandi þróun.</p> <p>Skólareglur voru endurskoðaðar í samvinnu við nemendaráð og skólaráð. Samþykktar í skólaráði í maí 2018.</p> <p>Starfsáætlun var samþykkt af skólaráði haustið 2017 og birt á heimasíðu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>ÖSE áætlun verður komið í gagnið á skólaárinu. Verkefnisstjóri heldur utan um framfylgd hennar.</li> <li>Skólanámskrá verður í áframhaldandi þróun á skólaárinu.</li> </ul>

		<p>Sjálfsmatsáætlun samþykkt af matsteymi og birt á heimasíðu skólans í febrúar 2018.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Gerð starfsáætlun að hausti.</li> <li>● Sjálfsmatsáætlun birt á heimasíðu, kynnt foreldrum og starfsfólki.</li> <li>● Farið yfir áætlanir og verkferla að hausti</li> <li>● Stefnumótunardagur vorið 2019.</li> <li>● Kennarar fylgja því eftir að nýjar skólareglur séu kynntar nemendum.</li> </ul>
<p><b>Samskipti heimils og skóla</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Stefnumótunardagur</li> <li>● Foreldrakönnun Skólapúlsins</li> <li>● Opið hús fyrir foreldra</li> <li>● Skólaráð</li> <li>● Vikupóstar</li> <li>● Samráðsdagar</li> </ul>	<p>Skólaráð fundaði 5 sinnum á skólaárinu. Samstarfið gekk mjög vel og stóðu nemendur sig með þryði.</p> <p>Almenn ánægja með samráðsdaga á skólaárinu.</p> <p>Aflýsa þurfti stefnumótunarfundi foreldra vegna dræmrar þátttöku.</p> <p>Kennarar sendu foreldrum vikupósta með upplýsingum um skólastarfið og bekkjarbrag í vetur. Ekki hefur borið á öðru en að það væri almenn ánægja með póstana meðal kennara og foreldra.</p> <p>Foreldrakönnun er áætluð í mars 2019.</p> <p>Opið hús fyrir foreldra gekk vel og almenn ánægja. Mæting mjög góð á yngsta stigi, færri á eldra stigi.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Stefnumótunardagurinn árið 2018 raðaðist í kringum sumardaginn fyrsta. 2019 verður valinn dagur sem er ekki samliggjandi almennum frídegi.</li> <li>● Skólaráð.</li> <li>● Starfamessa.</li> <li>● Fræðslukvöld á vegum foreldrafélagsins.</li> <li>● Opið hús fyrir foreldra.</li> <li>● Kynningar fyrir foreldra í 1., 5. og 8.bekk.</li> <li>● Vikupóstur á Mentor.</li> </ul>

			<ul style="list-style-type: none"> <li>• Foreldrakönnun mars 2019.</li> <li>• Samráðsdagar.</li> <li>• Facebooksíða og heimasíða fyrir skólann.</li> <li>• Foreldrakönnun á vegum skólans áætluð á skólaárinu.</li> </ul>
<p><b>Nám og kennsla</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsmannakönnun Skólapúlsins</li> <li>• Nemendakönnun Skólapúlsins</li> <li>• Foreldrakönnun Skólapúlsins</li> <li>• Skólaþing</li> <li>• Stefnumótunardagar</li> <li>• LOGOS greining</li> <li>• Samræmd próf</li> <li>• Kennsluþróun</li> </ul>	<p>Álfhólsskóli tók þátt í tilraunarverkefni á vegum Skólapúlsins. Könnun um líðan og lestraránægju var lögð fyrir alla nemendur í 2.-5.bekk og þá nemendur í 1.bekk sem höfðu náð tök á lestrarfærninni. Samkvæmt niðurstöðum hafa nemendur í 1.-5.bekk í Álfhólsskóla marktækt meiri ánægju af lestri en nemendur á landsvísu og líður marktækt betur en nemendum á landsvísu. Stelpur hafa meiri ánægju af lestri en drengir. Ánægja nemenda með skólann mældist á landsmeðaltali. Ánægja nemenda í 6.-10.bekk af lestri er á par við landsmeðaltal samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins. Stelpur hafa meiri áhuga á lestri en drengir, bæði í Álfhólsskóla og á landsvísu. Árgangapróun sýnir að lestraránægja fer minnkandi eftir aldri.</p> <p>Á stefnumótunardaginn ræddu nemendur um lestur og lestraránægju. Helstu niðurstöður eru að nemendum á öllum stigum þykir almennt erfitt að finna bækur sem henta getu og áhuga. Nemendur leggja til að bækur séu flokkaðar í hillur eftir aldri. Þá þykir nemendum þörf á að keyptar séu inn fleiri nýjar bækur og fleiri eintök af vinsælustu bókunum. Nemendur á mið- og unglingsstigi telja að tækjanotkun sé mikil og verði til þess að krakkar lesi minna. Einnig finnst þeim hvatning foreldra mikilvæg en þeir hætti gjarnan að hvetja nemendur til þess að lesa þegar þeir eldast. Til þess að efla áhuga á lestri leggja nemendur til að almennt sé unnið meira út frá bókmenntum í skólanum og nýjar bækur á bókasafninu séu auglýstar á göngum skólans. Mið- og unglingsstigs nemendur telja að strákar hafi minni áhuga á lestri vegna þess að þeir séu uppteknir af tölvuleikjum auk þess sem skortur sé á bókum</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Álfhólsskóli gerði athugasemdir við spurningarnar í tilraunarverkefni Skólapúlsins og stefnir á að taka áfram þátt í þessu tilraunarverkefni.</li> <li>• Hugað verður að því að koma hugmyndum nemenda til þess að efla lestur og lestraránægju í framkvæmd, t.d. bókaauglýsingar á göngum, merkingar á safni o.fl.</li> <li>• Fylgt verður eftir niðurstöðum LOGOS greininga.</li> <li>• Lesfimi, lesferill og Orðarún skimanir.</li> </ul>

með stráka sem markhóp, sérstaklega á unglíngastigi. Einnig ræða nemendur að hugsanlega séu kynin ólík að eðlisfari og/eða að samfélagið geri kröfur um að kynin uppfylli ákveðna staðalímynd sem hafi áhrif á lestraráhuga.

Eins og undanfarin ár mælist áhugi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði marktækt meiri í Skólapúlsinum en á landsvísu. Nemendur taka jafn virkan þátt í tímum og nemendur á landsvísu og þykir heimanám jafn mikilvægt. Agi í tímum mælist marktækt meiri í skólanum en á landsvísu.

Stelpur í Álfhólsskóla hafa marktækt minni þrautseigju í námi en kinsystur þeirra á landsvísu samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins. Árgangaþróun sýnir að þrautseigja fer minnkandi eftir því sem nemendur eldast. Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi sem og trú þeirra á eigin námsgetu mælist svipuð og á landsvísu. Síðustu tvö ár hefur hún mælist marktækt betri.

Fjöldi þróunarverkefna eru í gangi í Álfhólsskóla. Verkefnin eru: Vinnum saman, Erasmus - gegn rafrænu einelti, Móðurmál í stafrænum heimi, Öll sem eitt: Skólamenningaráætlun, Allir kennarar eru lífsleiknikennarar, teymiskennsla á yngsta stig, læsi og spjaldtölvur í námi og kennslu. Allir kennarar fá tvo tíma á viku í kennsluþróun innan vinnuramma til að sinna sinni kennsluþróun.

Skimanir með Logos voru gerðar í 3. 6. og 9.b að hausti 2016. Eftir skimanir voru sett inn lestrarátök á mismunandi vegu eftir því hvar veikleikar og styrkleikar nemenda lágu. Skimanir voru gerðar aftur 6-8 vikum síðar. Að þeim skimunum loknum var gerður samanburður og framfarir skráðar. Sýnilegt framfaragraf er nú til staðar um hverju þetta skilar nemendum eftir ákveðin lestrarátök og það er mikilvægt að þessu sé fylgt eftir.

Samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúlsins hefur ánægja kennara skólans með kennarastarfið aukist mikið og mælist nú um landsmeðaltal. Líkt og undanfarin ár (nema árið 2016) eru kennarar í Álfhólsskóla með marktækt meiri trú á eigin getu en kennarar á landsvísu.

Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku erum 41,4 mínútur, svipað og á landsvísu. 61% kennara í Álfhólsskóla undirbúa kennslu aðallega eða eingöngu í skólanum, svipað og á landsvísu. Unglíngastígs kennarar undirbúa kennslu minna í

- Lestrarátök.
- Fimmtudagsfundir kennara.
- Samráðsdagar.
- Samræmd próf.
- Vinnum saman.
- Kóngulóardagar.
- Markviss lífsleiknikennsla.
- Stjórnendur meta kennslu og veita endurgjöf.
- Lausnateymi hefur störf.
- Nemendakönnun Skólapúlsins.
- Foreldrakönnun Skólapúlsins.
- Áframhaldandi starfsþróun kennara og ýmis þróunarverkefni.
- Samráðsdagar.
- Heilsudagar.

		<p>skólanum en eldra stigs kennarar á landsvísu (33% á móti 63%).                  Um 45% kennara skólans kenna oftast eða alltaf öllum bekknum í einu, svipað og á landsvísu. Þetta er breyting frá fyrri árum en skólinn hefur alltaf mælst marktækt undir landsmeðaltali hvað þetta varðar. Um 32% kennara í Álfhólsskóla eru alltaf eða næstum alltaf með getuskipta eða blandaða hópavinnu í kennslustundum. Svipað og á landsvísu. Um 39% kennara í skólanum eru alltaf eða næstum alltaf með einstaklingsvinnu í bekk, svipað og á landsvísu.                  Eins og síðustu ár eru marktækt fleiri kennarar í Álfhólsskóla (63%) en á landsvísu (50%) sem nota einstaklingsmiðaða kennslu alltaf eða næstum alltaf. Talsverður munur kemur fram á milli stiga en einstaklingsmiðun er oftast eða alltaf í 58% tilfella á yngsta stig (49% á landsvísu), 85% tilfella á miðstigi (53% á landsvísu) og í 22% tilfella á unglíngastigi (45% á landsvísu).                  Um 20% kennara skólans leggja mikla áherslu á að fylgjast með framförum nemenda með hefðbundnum prófum, samræmdum prófum eða stöðluðu mati, svipað og á landsvísu. 78% kennara leggja áherslu á að fylgjast með framförum nemenda með annars konar mati en hefðbundnum prófum, svipað og á landsvísu.                  Árangur nemenda í 4.bekk og 7.bekk Álfhólsskóla í samræmdum prófum er undir meðaltali í íslensku og um meðaltal í stærðfræði. Niðurstöður samræmdra prófa í 9.bekk í íslensku og ensku yfir yfir landsmeðaltali en teljast ómarktækar sökum utanaðkomandi vandkvæða við fyrirlögn. Í stærðfræði eru niðurstöður undir landsmeðaltali.                  Foreldrakönnun er áætluð í mars 2020.</p>	
<p><b>Nemendur; líðan, þátttaka og ábyrgð</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Skólameningarkönnun</li> <li>● Nemendakönnun Skólapúls</li> <li>● Frammistöðumat</li> <li>● Samráðsviðtöl</li> <li>● Stefnumótunarda</li> </ul>	<p>Samkvæmt niðurstöðum skólameningarkönnunar líður 84% nemenda vel í skólanum, 80% þora að vera þeir sjálfir í skólanum og um 98% eiga a.m.k. einn vin/vinkonu í skólanum. Um 9% nemenda einmanna í skólanum. Um 16% nemenda kvíðir fyrir því að koma í skólann og um 8% eru hræddir við einhvern í skólanum.                  Nemendur telja krakkana í skólanum yfirleitt vera vini, eða í um 75% tilfella, og að flestir séu tilbúnir að kynnast öðrum og eignast nýja vini. Um helmingur telur að það sé klíkumyndun í skólanum. 38% nemenda upplifir að það sé baktal í skólanum en</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Skólameningarkönnun</li> <li>● ÖSE áætlun kemst í gagníð.</li> <li>● ÖSE fundir að hausti.</li> <li>● Nemendakönnun Skólapúls.</li> <li>● Samráðsviðtöl.</li> </ul>

	<p>gar</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● Rýnihópar nemenda</li> <li>● Nemendaráð</li> <li>● Skólaráð</li> </ul>	<p>samt sem áður eru færri sem telja sig verða fyrir baktali og enn færri viðurkenna að taka þátt í baktali.</p> <p>Um 74% nemenda finnst skemmtilegt í skólanum og um 47% finnst námið spennandi og áhugavert. Því yngri sem nemendur eru því skemmtilegra finnst þeim í skólanum og námið meira spennandi og áhugavert. Eins þykir stelpum almennt skemmtilegra og námið meira spennandi en strákuum.</p> <p>Rúmlega 73% nemenda telja skólabraginn góðan í Álfhólsskóla. Yngri nemendum finnst hann betri en eldri. Um 12% nemenda segja að það sé einhver/einhverjir nemendur sem stjórnir skólabragnum og nefna þar þó nokkrir sömu nöfnin. Í einhverjum tilfellum eru þetta sömu nemendur og nefndir eru varðandi eineltistilfelli í könnuninni. Tæplega 73% treysta einhverjum fullorðnum í skólanum. Mikill munur á trausti til fullorðinna eftir aldri en yngri nemendur treysta fullorðnum í skólanum talsvert betur en þeir eldri.</p> <p>67 nemendur hafa átt í samskiptavanda í vetur. Á unglingsstigi eru þetta fleiri stelpur en strákar en kynjahlutfallið er nokkuð jafnt á miðstigi. Nemendur hafa sagt frá og fengið aðstoð við að leysa vandann í um helming tilfella og rúmlega helmingur telur að vandinn sé leystur.</p> <p>28 nemendur eða 8% segjast hafa orðið fyrir einelti síðan skólinn byrjaði í haust. Í um 44% tilfella segja nemendur að enginn viti af eineltinu sem helst í hendur við að unnið hefur verið með um helming tilfella að sögn nemenda og málið hefur verið leyst í helmingi tilfella. Nemendur lýsa eineltinu sem baktal, útilokun, niðurlægingu, ljótu orðbragði, líkamlegu ofbeldi, netníð og lygasögum. Í flestum tilfellum hefur eineltið staðið yfir í mánuð eða minna (11 tilfelli). Aðeins 3 nemendur viðurkenna að hafa lagt einhvern í einelti á skólaárinu og 35 nemendur telja sig hafa orðið vitni að einelti.</p> <p>Tæplega helmingur nemenda segist hafa hjálpað nemanda/nemendum í samskiptavanda t.d. með því að segja frá eigin reynslu, hrósa, ræða málin o.fl.</p> <p>Nemendur komu með margar góðar hugmyndir um það hvernig skólinn gæti komið í veg fyrir samskiptavanda, t.d. ræða meira um líðan, hópefli, bekkjarfundir, viðtöl við nemendur, meiri samvinna heimilis og skóla, virk hlustun, blanda meira í hópa, vera jákvæð o.fl.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Stefnumótunardagur.</li> <li>● Nemendaráð.</li> <li>● Skólaráð.</li> <li>● Markviss lífsleiknikennsla.</li> <li>● Bekkjarfundir í stundatöflu í öllum árgöngum.</li> <li>● Þátttaka í göngum í skólann.</li> <li>● Heilsudagar.</li> <li>● Skólahreysti.</li> </ul>
--	--	---	--

Einnig komu þeir með margar hugmyndir um það hvernig þeir gætu sjálfir komið í veg fyrir samskiptavanda, t.d. koma vel fram, sýna umburðarlyndi og kurteisi, ræða málin, vera opin, vera jákvæð o.fl. Þó nokkrir nemendur sögðu að samskiptavandi annarra kæmi þeim ekki við.

Rúmlega helmingur nemenda, 56%, segja að kennarar geri mikið til að styrkja félagatengsl og ýta undir góðan bekkjaranda. Yngri nemendur segja kennara gera talsvert meira en eldri nemendur. Nemendur fengu kynningu á niðurstöðum Skólamenningarkönnunar og ræddu í minni hópum.

Í skólapúlsinum mælist umfang eineltis í 6.-10.bekk á landsmeðaltali eins og árið áður. Almennt virðist einelti vera umfangsmeira meðal drengja. Tíðni eineltis mælist um 11% eins og síðustu ár, ómarktækur munur við landsmeðaltal (12,3%). Staðir eineltis eru yfirleitt þeir sömu og á landsvísu. Algengast er að það eigi sér stað úti í frímínútum (39%) og á netinu (21%). Í opnum svörum ræðir fjöldi nemenda að skólinn taki hart á einelti, vinni markvisst gegn einelti og starfsfólki sé umhugað um líðan og samskipti nemenda.

Í rýnihópum nemenda í 1.-4.bekk kom fram að flestir nemendur telja að samskiptin í skólanum séu góð og flestir séu góðir vinir. Nemendur komu með margar góðar hugmyndir um það hvernig mætti bæta samskipti og vináttu, t.d. bjóða að leika með, nýta vináttusólina o.fl. Nemendur sögðu frá ýmsu sem þeir höfðu áhyggjur af varðandi samskipti og líðan nemenda. Rætt var um að sumir væru hræddir við ákveðna nemendur sem ættu erfitt með að stjórna skapi sínu, beittu líkamlegu og andlegu ofbeldi. Nemendur brugðust við á misjafnan hátt, flestir sögðu frá, einhverjir gerðu ekkert, sumir flúðu og aðrir brugðust við í sömu mynt. Í örfáum tilfellum greindu yngsta stigs nemendur frá atvikum sem þeir töldu vera dæmi um einelti. Í öllum þeim tilfellum er málið til vinnslu og jafnvel lokið.

Vellíðan nemenda í 6.-10.bekk mælist á landsmeðaltali í Skólapúlsinum eins og síðustu ár. Eins og í fyrra eru nemendur í skólanum með marktækt lakara sjálfsálit en nemendur á landsvísu. Eru það fyrst og fremst stelpur í sem hafa marktækt minna sjálfsálit en drengir og minna sjálfsálit en stúlkur á landsvísu. Nemendur skólans telja sig hafa jafn mikla stjórn á eigin lífi og nemendur á landsvísu eins og undanfarin ár.



<p><b>Mannauður; líðan og starfsandi</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Starfsmannakönnun Skólapúls</li> <li>● Rýnihópar starfsmanna</li> <li>● Ýmsar kannanir á vegum matsteymis og skólastjórnar</li> <li>● Starfsþróunarviðtöl</li> </ul>	<p>Nemendur skólans samsama sig við nemendahópinn eins og nemendur á landsvísu og þeir eiga svipað gott samband við kennarann sinn. Skólapúlsinum kemur fram að 41% nemenda hreyfa sig 2var í viku eða oftar sem er marktækt langt undir landsmeðaltali. Einnig kemur fram að nemendur borða jafn hollan mat og nemendur á landsvísu. Fulltrúar nemenda í 6.-10.bekk voru virkir í nemendaráði skólans og stóðu sig með prýði.</p> <p>Í niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúlsins kemur fram að kennarar skólans telja sig hafa álíka mikinn stuðning vegna nemenda með námserfiðleika og/eða hegðunarvanda og kennarar á landsvísu. Kennarar á unglíngastigi upplifa þó talsvert minni stuðning en kennarar á yngsta - og miðstigi.</p> <p>Samráð kennara um kennslu er svipað og á landsvísu eins og undanfarin ár. Samvinna kennara um kennslu hefur aukist og er nú marktækt meiri en á landsvísu. Valddreifing við ákvarðanatöku er svipuð og á landsvísu að mati kennara sem er mikil breyting frá árinu 2016 en árin þar á undan hefur hún mælst marktækt meiri en á landsvísu. Virk samvinna um skólaþróun og úrbætur er svipuð og á landsvísu eins og undanfarin ár. Starfsfólk metur starfsaðstæður sínar á þar við landsmeðaltal. Kennarar meta vinnuaðstæður sínar einnig á svipaðan hátt og á landsvísu eins og undanfarin ár. Kennarar skólans hafa sótt álíka mikla endurmenntun og kennarar á landsvísu og hafa álíka símenntunarpörf og aðrir kennarar á landsvísu. 59% kennara hefðu viljað meiri símenntun, svipað og á landsvísu. Helstu hindranir í símenntun að mati kennara eru t.a.m. of lítið svigrúm vegna vinnutíma (75%), óáhugaverðir kostir (63%), kostnaður (50%) og annað (56%). Leiðir sem kennarar fara til að efla eigin þekkingu eru svipaðar og á landsvísu. Má þar t.a.m. nefna námskeið (76%), fyrilestrar (68%), samstarfsverkefni innan skóla (60%) og ráðstefnur og málstofur (53%).</p> <p>Um 55% starfsmanna höfðu farið í starfsmannaviðtöl þegar könnunin fór fram, marktækt færri en á landsvísu (68%). Viðtölum við almenna starfsmenn var ekki lokið þegar könnunin fór fram og áttu þeir flestir eftir að fara í viðtal. Þeir sem höfðu farið þótti viðtalið öllum ganglegt. Meirihluti kennara (76) höfðu farið í viðtal, eins og á landsvísu, og töldu þeir flestir (85%) að viðtölin hefðu verið ganglegt, svipað og á</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Handbók starfsmanna hefur verið endurskoðuð og verður afhent og kynnt starfsfólki um haustið.</li> <li>● Starfsþróunarviðtöl.</li> <li>● Móttökuáætlun um nýja starfsmenn.</li> <li>● Nýjir kennarar fá leiðsögukennara.</li> <li>● STÁL starfsmannafélag.</li> <li>● Líf og sál verður með sértæka vinnu í litlum hópum vegna líðan og samskipta starfsfólks.</li> <li>● Ýmsir klúbbar.</li> </ul>
--	---	--	--

	<p>landsvísu. Starfsánægja og starfsandi hefur batnað verulega frá árinu 2016. Starfsánægja er nú á við landsmeðaltal en starfsandi mælist enn marktækt rétt undir landsmeðaltal (0,3 undir). Í opnum svörum var hópur starfsfólks sem hafði orð á því að starfsandi og starfsánægja hefði batnað mikið og væri almennt mjög góð.</p> <p>Upplýsingastreymi mælist í fyrsta sinn svipað og á landsvísu, hefur alltaf mælist marktækt lakara en á landsvísu. Aftur á móti gagnrýna nokkrir starfsmenn upplýsingastreymi sérstaklega í opnum svörum og vísa þá til skorts á upplýsingum varðandi nemendur í sérdeildum, varðandi veikindaleyfi starfsmanna, illa merkt hvernig megi rata um skólann og skort á upplýsingum um í hvaða húsi stjórnendur eru hverju sinni og til hvaða stjórnanda eigi að leita.</p> <p>18 starfsmenn (21%) Álfhólsskóla telja sig hafa orðið fyrir áreitni síðustu 12 mánuði af hálfu samstarfsfólks og/eða af hálfu nemenda/foreldra, svipað og á landsvísu og seinustu ár. 6 starfsmenn hafa upplifað áreitni frá samstarfsfólki, 15 starfsmenn upplifa áreitni frá foreldrum/nemendum og 3 starfsmenn hafa upplifað bæði. Um er að ræða 8 kennara og 10 almenna starfsmenn. 15 starfsmenn (18%) telja sig hafa orðið fyrir einelti af hálfu samstarfsmanna og/eða nemenda/foreldra. Þetta er marktækt hærra hlutfall en á landsvísu (10%) og hærra en síðustu ár (á bilinu 4,5-10%). 11 starfsmenn hafa upplifað einelti frá öðru samstarfsfólki og 5 hafa upplifað einelti frá nemendum/foreldrum. Þetta eru 9 kennarar og 6 almennir starfsmenn. Eru þetta mjög alvarlegar niðurstöður og hafa stjórnendur skólans þegar farið í aðgerðir til þess að taka á þessu í samráði við trúnaðarmenn, m.a. með aðstoð ráðgjafa frá Líf og sál. Sjá nánar í umbótaáætlun.</p> <p>Rýnihópar starfsmanna voru á vordögum. Starfsfólki var skipt í 4-5 manna hópa og rætt um starfið á liðnum vetri sem og einstaka niðurstöður starfsmannakönnunar. Almenn ánægja var með starfið á liðnum vetri. Starfsmenn telja þörf á hópefli.</p>	
--	---	--